

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



12. mars 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 163. mál á 151. löggjafarþingi

Endurskoðun regluverks um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa

Hagsmunasamtök heimilanna höfðu frumkvæði að ofangreindri þingsályktunartillögu og eru því eðli máls samkvæmt fylgjandi henni. Eins og fram kemur í greinargerð með tillöggunni má tilefni hennar rekja til þess að regluverk um starfsemi fjárhagsupplýsingastofu hefur ekki verið endurskoðað til að fylgja eftir margvíslegri lagaþróun sem hefur orðið í seinni tíð. Þar er helst að nefna ákvæði laga um lán til neytenda varðandi lánshæfismat og greiðslumat. Samkvæmt upplýsingum samtakanna hafa báðar þessar tegundir meðferðar fjárhagsupplýsinga að undanfögnu færst í vaxandi mæli á eina hendi þess eina fyrirtækis sem starfrækir fjárhagsupplýsingastofu hér á landi.

Reynsla samtakanna hefur leitt í ljós margvíslegar brotalamir í starfsemi fjárhagsupplýsingastofu. Sem dæmi má nefna að ólögvarðar kröfur hafi verið færðar á vanskilaskrá, mótbáruréttur hins skráða hafi ekki verið virtur, kröfur sem hafi fyrnst ekki verið teknar af skrá o.s.frv. Allt slíkt er íþyngjandi fyrir hinn skráða vegna þess að það hefur neikvæð áhrif á lánshæfismat og getur útilokað hann frá því að fá nokkra fyrirgreiðslu í almennum viðskiptum sínum á meðan þeirra áhrifa gætir.

Meginvandinn virðist stafa af því að notendur fjárhagsupplýsingastofu geta mjög auðveldlega skráð færslur á vanskilaskrá án þess að uppfylla sérstakar sönnunarkröfur og sumar upplýsingar eru jafnvel skráðar sjálfkrafa, án athugunar á réttmæti þeirra. Mótbáruréttur hins skráða er háður því að hann taki sjálfur til varna og þá er öll sönnunarbyrðin lögð á hann. Þessari sönnunarstöðu þarf að snúa við þannig að kröfuhafi þurfi alltaf að sanna réttmæti skráninga á vanskilaskrá og jafnframt sé tryggt að skráningar falli sjálfkrafa út um leið og þær glata lögvernd, t.d. vegna fyrningar.

Til að lagfæra umræddar brotalamir verður að taka regluverk um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa til endurskoðunar. Til hliðsjónar vísa Hagsmunasamtök heimilanna jafnframt til meðfylgjandi umsagnar um drög Persónuverndar að nýju starfsleyfi fjárhagsupplýsingastofu.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



8. nóvember 2020

Efni: Umsögn um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) gæta að réttindum neytenda á fjármálamarkaði. Þar á meðal eru málefni sem tengjast meðferð fjárhagsupplýsinga af hálfu fjárhagsupplýsingastofu. Samtökin hefðu talið rétt að þeim væri send umsagnarbeiðni vegna ofangreinds máls en þeim barst þó ekkert slíkt erindi. Þess er því óskað að framvegis verði haft í huga að leita eftir umsögnum samtakanna um öll áform varðandi reglur og skilyrði fyrir meðferð fjárhagsupplýsinga neytenda.

HH eru almennt hlynnt endurskoðun á regluverki um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa og hafa lengi kallað eftir henni. Ofangreind drög eru vissulega skref í þá átt og margt í þeim til þess fallið að skýra og skerpa á reglum á þessu sviði. Fram kemur í frétt á vef Persónuverndar að „skilmálar á grundvelli draganna hefðu almennt gildi og fælu því að nokkru í sér ígildi stjórnvaldsfyrirmæla“. HH vilja reyndar ganga lengra og fullyrða fyrirvaralaust að um eiginleg stjórnvaldsfyrirmæli sé að ræða þar sem þau hafa bein og óbein áhrif á réttindi og skyldur almennra borgara og lögaðila.

Eftirfarandi eru helstu athugasemdir samtakanna við umrædd drög.

I. Hvaða upplýsingum sé heimilt að safna

Samkvæmt 1. mgr. í grein 2.1. um heimila vinnslu er gert að skilyrði að löginheimta sé hafin gegn hinum skráða, svo sem að stefna hafi verið birt eða hann hafi skriflega viðurkennt fyrir kröfuhafa að skuld sé fallin í gjalddaga. Þetta ætti að útiloka söfnun upplýsinga með þeim hætti sem kemur fram í 7. tl. greinar 2.2.2 í drögnum, samkvæmt ósk áskrifanda um skráningu vanskila á grundvelli skilmála í lánsamningi eða skuldaskjali, ef slík ósk berst áður en löginheimta er hafin samkvæmt 24. gr. a laga nr. 77/1998 um lögmenn með málshöfðun eða beiðni um fullnustugerð. Jafnframt er það reynsla samtakanna að við samningsgerð eru slíkir skilmálar ekki kynntir sérstaklega fyrir neytendum og alls ekki þau áhrif sem slík skráning getur haft á stöðu þeirra. Samkvæmt þeim reglum sem leiða af Tilskipun 93/13/EBE sbr. 36. gr. a-d samningalaga nr. 7/1936 gætu slíkir skilmálar talist ólögmatir. Þar sem þeir eru jafnan hluti staðlaðra skilmála lánveitenda er neytendum oftast ókleift að eiga viðskipti við lánveitendur án þess að undirgangast þá og er því alls ekki um að ræða óþvingaða og upplýsta yfirlýsingu samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018.

Enn fremur gera HH alvarlegar athugasemdir við að í 7. tl. greinar 2.2.2 sé gert ráð fyrir því að sá sem óskar skráningar beri ábyrgð á því að honum sé ekki kunnugt um réttmætar mótbáru skuldara við kröfunni. Ótal dæmi eru um að kröfuhafar standi ekki undir þeirri ábyrgð og hafi jafnvel skráð kröfur í vanskil sem þeir vita að eiga engan rétt á sér. Sönnunarstaðan er þannig í raun öfugsnúin.

Samkvæmt ofangreindu leggja HH til að 7. tl. greinar 2.2.2 falli brott úr drögnum.

II. Hvenær megi miðla opinberum upplýsingum

Samkvæmt grein 2.2.1 er heimilað að safna upplýsingum úr opinberum gögnum, einkum hvað varðar réttargerðir sem falla undir hugtakið “löginnheimta”. Þar sem slíkar upplýsingar eru opinberar er heimilt að nota þær en þó þarf alltaf að gæta að mótbáru rétti (meintra) skuldara.

HH vilja benda á að í drögunum er alls ekki tekið nægilegt tillit til mótbáru réttar meintra skuldara. Þegar stefna hefur verið birt eða fullnustugerð á borð við fjárnám eða nauðungarsölu verið boðuð eru dæmi um að skuldara hafi aldrei verið gefinn kostur á andmælum við þeirri framgöngu eða að andmæli hans séu að engu höfð. Regludrögin leggja of mikla áherslu á að skrá upplýsingar um slíkar gerðir í aðdraganda þeirra en þær ættu miklu frekar að miða við það tímamark sem umbeðin niðurstaða sýslumanns eða dómstóla verður endanleg, að gættum mótbáru rétti skuldara.

Mikilvægt er að taka tillit til þess að þegar skuldara er stefnt eða boðað til fjárnáms eða fyrirtöku á nauðungarsölubeiðni, gefst honum sjaldnast raunhæfur möguleiki á að koma á framfæri mótmælum við slíkum kröfum fyrr en við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni eða dómstólum. Þess vegna ætti ekki að vera heimilt að miðla slíkum upplýsingum fyrr en niðurstaða þeirra stofnana sem hafa vald í þeim efnum liggur fyrir með endanlega bindandi hætti.

Jafnframt verður að taka mið af því af ákvarðanir sýslumanns og niðurstöður dómstóla verða ekki endanlegar fyrr en eftir að þær hafa farið fram. Samtökunum er kunnugt um dæmi þess að fyrirtökur slíkra mála hafi verið skráðar á vanskilaskrá löngu áður en þær fara fram þrátt fyrir að skuldari hafi borið fram mótmæli við kröfuhafa, áður en honum gafst kostur á að bera þau fram fyrir sýslumanni eða dómstólum og án þess að honum hafi verið veittur andmælaréttur við skráningunni, sem er með öllu ólíðandi að mati samtakanna. HH vísa í þessu sambandi til úrskurðar Persónuverndar í máli nr. 2017/1620 þar sem segir í niðurstöðum um þágildandi starfsleyfisákvæði:

Starfsleyfisákvæðið ber að túlka í ljósi þess markmiðs laga nr. 77/2000 að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika slíkra upplýsinga, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Þegar litið er til þessa telur Persónuvernd dóm, sem ekki felur í sér endanlega úrlausn í dómsmáli eða sem sætt getur endurskoðun, ekki geta falið í sér staðfestingu á skuld í skilningi starfsleyfisákvæðisins. Á það jafnt við um dóm í máli sem fyrir liggur að verði endurupptekið, sem og dóm sem enn er unnt að áfrýja ...

Það sama gildir um nauðungarsölur og aðfarargerðir, að þær fela ekki í sér endanlega niðurstöðu fyrr en að liðnum fresti til að leita úrlausnar dómstóla, sem er eftir atvikum átta vikur samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför eða fjórar vikur samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Enn fremur getur stefndi í útivistarmáli krafist endurupptöku þess innan allt að þriggja mánaða samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. HH telja því að reglur um skráningar á vanskilaskrá eigi að taka tillit til þessara tímafresta þannig að slíkum færslum megi ekki miðla fyrr en að viðkomandi frestum liðnum eftir því sem við á.

Samkvæmt ofangreindu ætti að breyta orðalagi greinar 2.2.1 í drögunum þannig að heimild til að miðla þeim upplýsingum sem safnað er úr opinberum gögnum miðist við þann tíma sem viðkomandi opinberir gæningar verði endanlegir að liðnum málskotsfrestum. Skuldara verður einnig að hafa verið veitt sanngjarnt tækifæri til að semja við kröfuhafa og forðast vanskilaskráningu.

III. Miðlun upplýsinga frá áskrifendum

HH gera sambærilegar athugasemdir við grein 2.2.2 í drögunum og að framan við grein 2.2.1, þ.e. að gæta verði til hins ítrasta að mótbáru rétti skuldara að teknu tilliti til þeirra tímamarka sem gilda um málskot, endurupptöku, kæru eða áfrýjun eftir því sem á við í hverju tilviki.

Varðandi 3.-5. tl. greinarinnar eru ítrekuð fyrrnefnd sjónarmið varðandi mótbáru rétt skuldara og þá tímafresti sem gilda fyrir hann til að leita réttar síns. Varðandi 7. tl. eru ítrekuð þau sjónarmið sem komu fram í kafla I. hér að framan. Skilmálar sem veita heimild til skráningar á vanskilaskrá að beiðni kröfuhafa eru sjaldnast kynntir sérstaklega fyrir neytendum og alls ekki þau áhrif sem slík skráning getur haft á stöðu þeirra. Eins og fyrr var rakið er í slíkum aðstæðum ekki um að ræða óþvingaða og upplýsta yfirlýsingu samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018.

IV. Skýrslur um láns hæfismat

HH telja löngu tímabært að setja reglur um láns hæfismat eins og er að nokkru leyti gert í drögunum. Sérstaklega er jákvætt í þeim að skuldari öðlist sjálfur rétt á að fá aðgang að skýrslu um láns hæfismat að endurgjaldslausu með upplýsingum um þær breytur sem hafa áhrif og vægi þeirra. Enda er það forsenda þess að hinn skráði hafi möguleika á að bæta óhagstætt láns hæfismat.

Aftur á móti er í 2. mgr. greinar 5.3 gert ráð fyrir því að eftir að sá 4 ára tími sem heimilt sé að hafa upplýsingar um vanskil kröfu á vanskilaskrá, verði í allt að 2 ár til viðbótar heimilt að nota upplýsingar um hana við gerð skýrslu um láns hæfismat. Með því er í raun verið að lengja um helming þann tíma sem skráning á vanskilaskrá getur haft neikvæð áhrif á láns hæfismat hins skráða. HH leggjast alfarið gegn þeirri breytingu og krefjast þess að hún verði felld brott úr drögunum.

V. Fyrningartími krafna


HH gagnrýna sérstaklega að hvergi í drögunum er tekið tillit til fyrningartíma krafna. Samtökin vita um fjölda tilvika þar sem kröfur sem eru ólögvarðar vegna fyrningar eru skráðar eða reynt að skrá þær á vanskilaskrá, jafnvel þó þeim hafi verið mótmælt við kröfuhafa á þeim grundvelli, en það er með öllu ólíðandi. Þess vegna er nauðsynlegt að bæta við drögin þeim skilmálum að með öllu sé óheimilt að skrá fyrndar kröfur á vanskilaskrá og að skylt sé að afskrá kröfu um leið og hún fyrnist. Enn fremur að frá þeim tíma sé óheimilt að leggja slíka kröfu til grundvallar láns hæfismati. Til að uppfylla þetta yrði að breyta núverandi framkvæmd þannig að við skráningu kröfu á vanskilaskrá skuli tilgreina hvenær hún fyrnist, svo tryggja megi afskráningu hennar að þeim tíma liðnum.

VI. Úrskurðarvald um réttmæti skráninga

Loks telja HH með öllu óeðlilegt að fjárhagsupplýsingastofa taki sjálf afstöðu til réttmæti skráningar eða mótmæla við skráningu. Slík vald ætti óháður aðili eða stofnun að fara með og jafnframt ætti að vera óheimilt að skrá umdeilda kröfu fyrr en slíkur aðili hefur úrskurðað um ágreininginn.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is